

**Bader o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 8. nóvember 2005**

**Mál nr. 13284/04**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3. gr. Bann við pyndingum**

***Hælisleitendur. Brottvísun úr landi. Dauðarefsing.***

### **1. Málsatvik**

Kærandur, Kamal Bader Muhammad Kurdi (f. 1972), Hamida Abdilhamid Mohammad Kanbor (f. 1973) og tvö börn þeirra (f. 1998 og 1999) eru sýrlenskir ríkisborgarar. Þau eru búsett í Svíþjóð. Eftir komu sína til Svíþjóðar í ágúst 2002 sóttu þau um hæli í nokkur skipti en var ávallt hafnað. Var kærendum tilkynnt í kjölfarið að þeim yrði vísað úr landi.

Í janúar 2004 sóttu kærandur enn um hæli og fóru fram á að framkvæmd ákvörðunar um brottvísun yrði frestað. Byggðu þau beiðni sína á því að Bader hefði verið sakfelldur með dómi í Sýrlandi þann 17. nóvember 2003 fyrir hlutdeild í manndrápi og dæmdur til dauðarefsingar, án þess að hann hefði þó komið fyrir dóminn. Í dóminum kom fram að Bader og bróðir hans hefðu ítrekað hótad mági sínum, þar sem þeir teldu hann hafa vanvirt fjölskyldu þeirra með því að fara illa með systur þeirra og hafa borgað of lítinn heimanmund. Í nóvember 1998 hefði bróðir Bader skotið mág bræðranna til bana eftir sameiginlega ráðagerð bræðranna þar um, en kærandi var talinn hafa útvegað vopnið. Í dóminum kom fram að bræðurnir hefðu flúið eftir árásina á máginn og að þeir hefðu verið sakfelldir þrátt fyrir útivist þeirra. Þá kom fram að málið mætti endurupptaka. Bader neitaði sök og hélt því fram að hann hefði setið í gæsluvarðhaldi í Sýrlandi í 9 mánuði á árunum 1999 til 2000 vegna gruns um hlutdeild í manndrápinu og verið veitt lausn gegn tryggingu.

Útlendingastofnun í Svíþjóð hafnaði umsókn kæranda um hæli í apríl 2004. Byggði stofnunin þá ákvörðun á niðurstöðum rannsóknar lögmanns í Sýrlandi, sem fram fór fyrir tilstuðlan sænska sendiráðsins í Sýrlandi. Kom þar fram að ef Bader kæmi aftur til Sýrlands myndi mál hans verða endurupptekið og sæta málsmeðferð frá upphafi að nýju. Ef hann yrði sakfelldur yrði hann ekki dæmdur til dauðarefsingar þar sem um brot tengt æru væri að ræða. Taldi útlendingastofnun því að ótti kæranda væri ekki á rökum reistur og að kærandur þyrftu ekki á hæli að halda. Í apríl 2004 var framkvæmd brottvísunar kæranda frestað með vísan til tilmæla Mannréttindadómstólsins þar um á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandur byggði á því að réttindi Bader skv. 2. og 3. gr. sáttmálans yrðu brotin yrði honum vísað úr landi til Sýrlands, enda biði hans þar handtökuskipun og dauðarefsing.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi að sænska ríkið myndi setja Bader í alvarlega hættu með því að vísa honum úr landi til Sýrlands, enda hefði ríkið enga tryggingu fengið frá sýrlenskum yfirvöldum um að mál hans yrði endurupptekið og að saksóknari myndi ekki krefjast dauðarefsingar yfir honum. Að mati dómstólsins var ótti Bader við það að dauðadómur yfir honum kæmi til framkvæmda, ef honum yrði gert að snúa aftur til Sýrlands, á rökum reistur. Þá byggði dómstóllinn enn fremur á því að þar sem aftökur í Sýrlandi fara fram án opinbers eftirlits myndi brottvísun úr landi valda Bader og öðrum kærendum miklum ótta og angist af völdum óvissu um framkvæmd aftökunnar.

Af dóminum í máli Bader var ennfremur ljóst að engar skýrslutökur höfðu farið fram fyrir dómi, aðeins höfðu verið lögð fram sönnunargögn af hálfu ákærvalds og hvorki ákærði né verjandi hans höfðu verið viðstaddir þinghöld í málinu. Taldi dómstóllinn að málsmeðferð í máli Bader fullnægði á engan hátt kröfum um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því ekki að ástæðulausu að kærandi óttaðist að mál hans hlyti sambærilega málsmeðferð kæmi til endurupptöku þess.

Með tilliti til atvika málsins taldi dómstóllinn rökstudda ástæðu til að ætla að yrði Bader gert að snúa aftur til Sýrlands væri raunveruleg hættu á því að hann yrði leiddur til aftöku og þyrfti að þola meðferð sem bryti gegn 2. og 3. gr. sáttmálans. Því myndi brottvísun kæranda til Sýrlands brjóta gegn 2. og 3. gr. Að þessari niðurstöðu fenginni taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að leysa úr um hvort brotið væri gegn 13. viðauka við sáttmálann, eins og sænska ríkið hafði mælt til.

Einn dómari skilaði séráliti.